

**Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa**  
09 101

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa

kt. 550169-2829

Arnarhvoli við Lindagötu, 101 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjármála- og efnahagsráðuneyti er ríkisaðili í A-hluta. Helstu verkefni ráðuneytisins snúa að því að tryggja stöðugleika og hagvöxt í íslensku samfélagi. Ráðuneytið fer með yfirstjórn ríkisfjármála og efnahagsmála.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.502,4 milljónir og afkoma kr. 3,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 144,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 382,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofu fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Guðmundur Árnason  
Ráðuneytisstjóri

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.443.500.000	1.376.700.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	46.945.684	45.033.374
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	11.750.264	14.602.320
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.502.370.148</b>	<b>1.436.419.694</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	1.177.745.846	1.118.943.614
Framlög og tilfærslur .....		300.000	11.201.000
Annar rekstrarkostnaður .....	5	309.237.931	245.485.978
Afskriftir .....	6	11.750.264	14.602.320
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.499.034.041</b>	<b>1.390.232.912</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>3.336.107</b>	<b>46.186.782</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		0	2.626
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(61.026)	(208.419)
		(61.026)	(205.793)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>3.275.081</b>	<b>45.980.989</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	3.575.081	57.181.989
Rekstrartilfærslur .....		(300.000)	(11.201.000)
		<b>3.275.081</b>	<b>45.980.989</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....		0	68.157
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		54.667.457	59.715.565
Aðrar eignir .....		194.006	1.575.816
Verk í vinnslu .....		1.648.589	4.481.628
		<u>56.510.052</u>	<u>65.773.009</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>56.510.052</u>	<u>65.841.166</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	321.185.346	318.504.724
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	9	4.639.563	7.318.010
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>325.824.909</u>	<u>325.822.734</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>382.334.961</u>	<u>391.663.900</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		144.724.454	141.449.373
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>144.724.454</u>	<u>141.449.373</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	308.361	10.982.293
Viðskiptaskuldir .....		13.367.726	24.736.228
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	156.428.053	139.867.577
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	67.506.367	74.628.429
		<u>237.610.507</u>	<u>250.214.527</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>237.610.507</u>	<u>250.214.527</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>382.334.961</u>	<u>391.663.900</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		3.275.081	45.980.989
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	11.750.264	14.602.320
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(11.750.264)	(14.602.320)
		<u>3.275.081</u>	<u>45.980.989</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(3.793.351)	(4.625.117)
Tengdir aðilar .....		(4.673.704)	(48.338.483)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		5.191.974	6.982.611
		<u>(3.275.081)</u>	<u>(45.980.989)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(2.419.150)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		0	(12.724.625)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	30.000
		<u>(2.419.150)</u>	<u>(12.694.625)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		2.419.150	12.694.625
		<u>2.419.150</u>	<u>12.694.625</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

2021 2020

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	1.443.500.000	1.376.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	11.750.264	14.602.320
	<u>1.455.250.264</u>	<u>1.391.302.320</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.375.600.000	0	0	1.375.600.000
Fjáraukalög .....	58.500.000	0	0	58.500.000
Millifært úr varasjóð .....	9.400.000	0	0	9.400.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.443.500.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.443.500.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(1.439.924.919)	(300.000)	0	(1.440.224.919)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>3.575.081</b>	<b>(300.000)</b>	<b>0</b>	<b>3.275.081</b>

2021 2020

### 3 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	0	0
Kostnaðarhlutdeild .....	33.696.610	40.889.994
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	12.748.574	4.129.480
Ýmsar tekjur .....	500	13.900
	<u>46.945.684</u>	<u>45.033.374</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	933.556.033	883.054.467
Orlof, breyting .....	17.939.918	27.193.435
Launatengd gjöld .....	208.416.297	199.403.390
Starfsmannakostnaður .....	17.833.598	9.292.322
	<u>1.177.745.846</u>	<u>1.118.943.614</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....

80,4

77,9

2021 2020

### 5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	2.297.891	2.271.769
Tæki og búnaður til innréttinga .....	63.961	0
Ýmis tæki og áhöld .....	3.924.419	2.777.392
Orkugjafir .....	30.565	31.481
Matvæli .....	12.434.300	10.550.775
Almennar rekstrarvörur .....	261.481	457.837
Vörukaup, almenn .....	<u>19.012.617</u>	<u>16.089.254</u>
Ýmsar sérgreindar vörur .....	424.465	5.500
Vörukaup, sérgreind .....	<u>424.465</u>	<u>5.500</u>

## Skýringar

	2021	2020
<b>5 Annar rekstrarkostnaður (frh)</b>		
Fundur, námskeið, risna .....	3.680.454	2.747.698
Ferðir, upphald .....	2.511.235	4.363.369
Akstur .....	925.031	1.162.066
Sérfræðipjónusta .....	70.769.416	64.264.733
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	113.409	224.040
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	5.060.383	9.403.270
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.168.130	2.908.506
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	85.228.058	85.073.682
Samningsbundin kaup og leiga .....	8.597.378	5.615.641
Afnotagjöld .....	21.480.160	23.568.743
Leigugjöld .....	85.955.808	17.678.111
Notkun véla og flutningatækja .....	1.713.150	97.840
Verkkaup .....	3.942.728	6.013.884
Kostnaðarhlutdeild .....	82.841.767	90.937.168
Opinber gjöld .....	0	1.155
Tilfærslur .....	41.800	405.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	204.572.791	144.317.542
Annar rekstrarkostnaður samtals	309.237.931	245.485.978

## 6 Afskriftir

Áhöld, tæki og búnaður .....	11.352.464	11.869.993
Aðrar eignir .....	(59.640)	79.240
Sölu- og úreltar eignir .....	389.283	2.535.594
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	68.157	117.493
	11.750.264	14.602.320

**31.12.2021**      **31.12.2020**

## 7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	54.667.457	59.715.565
Aðrar eignir .....	194.006	1.575.816
	54.861.463	61.291.381
Verk í vinnslu .....	1.648.589	4.481.628
	1.648.589	4.481.628

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	116.026.466	0	0	1.714.676	117.741.142
Viðbætur á árinu .....	6.640.989	0	0	(1.388.800)	5.252.189
Leiðrétting .....	52.650			(52.650)	0
Selt/úrelt á árinu .....	(9.354.582)	0	0	0	(9.354.582)
	113.365.523	0	0	273.226	113.638.749
Afskriftir 01.01.2021 .....	56.310.901	0	0	138.860	56.449.761
Afskrift ársins .....	11.352.464	0	0	(59.640)	11.292.824
Selt/úrelt á árinu .....	(8.965.299)				(8.965.299)
	58.698.066	0	0	79.220	58.777.286
Staða 31.12.2021 .....	54.667.457	0	0	194.006	54.861.463

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	321.032.055	318.259.582
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	153.291	245.142
	<u>321.185.346</u>	<u>318.504.724</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	308.361	10.982.293
	<u>308.361</u>	<u>10.982.293</u>

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2021 31.12.2020

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	141.449.373	95.468.384
Afkoma ársins .....	3.275.081	45.980.989
Jöfnuður 31.12. ....	<u>144.724.454</u>	<u>141.449.373</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2021 31.12.2020

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	156.405.653	138.465.735
Önnur ógreidd gjöld .....	22.400	1.401.842
	<u>156.428.053</u>	<u>139.867.577</u>

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talda fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2021 31.12.2020

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	56.510.052	65.841.166
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	10.996.315	8.787.263
	<u>67.506.367</u>	<u>74.628.429</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	65.841.166	8.787.263	74.628.429
Breyting á fjárfestingarfjárveitingu skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	0	(6.471.798)	(6.471.798)
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	11.100.000	11.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	2.419.150	(2.419.150)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(11.750.264)</u>	<u>0</u>	<u>(11.750.264)</u>
	<u>56.510.052</u>	<u>10.996.315</u>	<u>67.506.367</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 9,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## Skýringar

### 13 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 172,8 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 53,3 milljónum.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.